



Voröld

HEY! HEY!
Sendið þetta ykkar til íslensku hæg-
kaupmannanna, og fáið hæðsta vörð,
einnig fljóta afgreiðslu. Peningar lá-
aðir á "kör" send þeim til okkar.
Vér ábyrgjumst að gera yður á-
nægða.
THE NORTHERN HAY CO.
408 Chambers of Commerce
Talsími G. 2209. Nætur talsími S. 3247
Winnipeg. Man.

II. ARGANGUR

WINNIPEG, MANITOBA, 18. FEBRUAR, 1919

Nr. 3

Sir Wilfrid Laurier Látinn

Göfugasti stjórnmálamaður þessa lands lagstur til hvíldar.

BJARTASTA STJARNAN HORFIN AF HIMNI OPINBERRA MÁLA. TRÓASTI HERFORINGI FALLINN Í VALINN. VINUR OG VERNDARI "ÖTLENDINGANNA" VINUR ALLRA
MANNA SYRGÐUR AF ÖLLUM SÖNNUM SONUM OG DÆTRUM ÞJÓÐARINNAR. BLESSUN OG ÞAKKLÆTI HALDA VÖRD UM LIÐIÐ LIK HINS MIKLA
"FÖÐUR VESTUR CANADA"

Þau sorgartíðindi bárust um alla Canada á mánudags-
morguninn að Sir Wilfrid Laurier hefði fengið slag kl.
11 á sunnudagsmorguninn þegar hann var að búa sig af
stað til kirkjuferðar.

Hann misti meðvitund með öllu—hafði fengið heila-
blóðfall—en raknaði við aftur, og var talsverð von um
hann seinna; en annað slag fékk hann skömmu síðar og
lézt kl. 2.50 síðdegis á mánudaginn.

Laurier hafði verið óvenjulega hraustur maður að
undanförnu og talaði á opinberum samkvæmum jafnvel
með enn þá meira fjöri og áhuga en áður; vissi hann að
hin mikla harátta fyrir því að ryðja úr völdum óaldar-
flokki var í nánd og mun hann hafa lagt meira á sig
við undirbúning þeirra mála en heilsa hans þoldi. Svo
segja þeir er honum voru handgengastír að hann hafi
unnið svo að segja dag og nótt um langan tíma.

Á því leikur enginn efi að hefði honum enst aldur til
þá hefði hann aftur orðið forsætisráðherra Canada innan
örflits tíma, en ógæfu Canada verður alt að hefði á þess-
um óstjórnar- og erfiðleika tímum. Þó er ekki órænt
um að fráfali hans kveiki enn þá meiri eldmót og áhuga
hjá þeim er honum fylgdu en þeir áður áttu.

Þegar leiðtogi fellur í völdin á tímum neyðarinnar og
erfiðleikanna, er aldrei nema um tvent að reða; annað-
hvort leggja liðsmennirnir árar í bát, þeim felst hugur og
þeir "deyja" eða þeir rísa upp með margföldum áhuga
og auknum kröftum og ganga fram til sigurs í hvaða
stríði sem að höndum ber. Hamingjan gefi að það síðara
megi ske í þessu tilfelli—og vér vonum þess staðfastlega
að svo verði.

Sir Wilfrid Laurier var fæddur í St. Lin í Quebec-
fylki, 20. nóvember árið 1841. Foreldrar hans voru Car-
olus Laurier, landmælingamaður og Marcelle Martineau,
kona hans. Var hann einkabarn þeirra hjóna.

Árið 1864 útskrifaðist hann í lögfræði frá McGill
háskólanum og byrjaði að stunda lögfræðisstarf í Montre-
al og nokkru síðar í Arthabaskaville.

Laurier var snemma glæsímenni mikið og leiðtogi
annara manna, jafnvel á skóla árum sínum var hann tal-
glæsilegri og fullkonnari maður en flestir samtíðar-
menn hans.

Snemma tók Laurier að fást við ritstörf og ræðuhöld;
þótti hann sameina það betur flestum öðrum að vera bæði
fundinn og fagaður í orðum. Hann ritaði í mörg frjál-
slynd blöð um það leyti sem hann útskrifaðist úr skóla,
og varð nokkru síðar ritstjóri að frjálslýndu vikublaði.

Árið 1871 varð Laurier fyrst þingmaður fyrir kjör-
dæmið Drummond og Arthabaska, hélt hann því sæti
þangað til 1874. Þá var hann kosinn á sambandsþing frá
sama kjördæmi, en þegar hann var gerður að ráðherra í

"FADIR VESTUR CANADA"



SIR WILFRID LAURIER

McKenzie stjórnmíni 1877 beið hann ósigur gegn heljar
ofurefli sem á móti honum var sett. Sótti hann þá í kjör-
dæminu Austur Quebec og var þingmaður fyrir það til
daðadags.

Hann var innanríkisráðherra í McKenzie stjórnmíni
1877-1878 og árið 1887 var hann kosinn leiðtogi frjál-
slynda flokksins; honum hefir hann stjórnað síðan, eða
samfleytt milli 30 og 40 ár.

Árið 1896 varð hann forsætisráðherra í Canada þegar
Tupper beið ósigur og var hann við völd stöðugt þangað
til 1911 þegar öll afturhaldsöfl landsins sameinuðu sig
gegn honum á móti því máli sem verið hefir eitt allra
mesta velferðarmál þessarar þjóðar, og sem nú er krafist
svo að segja í einu hljóði — það var gagnskiftamálið.
Laurier tók þeim ósigri með jafnaðargeði; hann vissi að
göfugra er að bíða "læggra hlut með liðsveitum hinna
en að vinna alla veröldina undir merkjum djöfulsins"

eins og frjálslýndur maður komst að orði 1917.

Árið 1917 er mesta frægðarár Lauriers; framkoma
hans þá einkennir líf hans og manndóm fremur öllu öðru.
Hnefaréttaröfl landsins höfðu öll sameinast um það
að beita kúgunaraðferð, svipta borgara landsins atkvæði
og réttindum sem þeir höfðu unnið sér með stórum sveita
og koma allri þjóðinni undir stjórn örfárna sjálfkjörinna
aðmanna.

Laurier setti sig upp á móti þessu; hann kvað það ó-
semilegt og engum afsakandi. Fjöldi gamalla fylgjenda
hans og liðsmanna yfirgáfu hann og gengu í hö með ó-
vinum sínum; snéru bakinu við hinum aldurnigna, hug-
prúða og hjartaheita leiðtoga og svívirtu hann á allan
hugsalegan hátt og óhugsanlegan, sem svikara, landráða-
mann og uppreistarforingja. En Laurier stóð eins og
klettur í hafinu, samvizkan var brein, hugurinn einbeittur
þrátt fyrir aldurnir og tilfinningarnar ósljófgaðar fyrir
rétti annara manna—allra manna.

Eltur og ófsóttur af sínum eigin mönnum sem óvin-
um hafði tekist að breyta í grimma sporlunda ferðaðist
hann sem ekkert væri landshornanna á milli og talaði
kjark í hina fáu trú á tímum neyðarinnar.

Lengi mun hún verða í minnum höfð hin síðasta
koma hans til Winnipeg og sár má hún vera samvizku-
ásökunin þeirra manna er honum höfðu fylgt en yfirgáfu
hann einmitt þá þegar mest á reyndi.

Þó er hér skeð lán með óláni. Skiftingin í fyrra
greindi sauðina frá höfnum; skildi þá trúu frá hinum ó-
trúu; þá kom það í ljós hverjir væru frjálslýndir í raun
og sannleika og hverjir voru það einungis í orði kveðnu.

Af þessu leiðir það aftur að þegar farið verður að
líta um eftir leiðtoga til þess að fylla hið auða sæti hins
mikla og góða manns, þá vara menn sig á þeim er brugð-
ist hafa og kastað af sér sauðargærunni. Annars hefði
svo mátt fara að einhver þeirra hefði svikist upp í sætið
og saugað það. Þeirri ógæfu er afstýrt.

Sir Wilfrid Laurier var kvæntur; 13. maí 1868 gekk
hann að eiga ungrú Zoe LaFontaine frá Montreal; þeim
varð engra barna auðið; kona hans lifir mann sinn og
nýtur samhygðar allra samra sona og dætra þjóðar vor-
rar. Við tækiferi verður ítarlegar skrifað í Voröld um
Sir Wilfrid Laurier.

Hafi nokkur maður með sanni getað tekið undir með
skáldinu og sagt:

"Mig langar að sá enga lýgi þar finni
sem lokar að síðustu bókinni minni."

Þá var það Sir Wilfrid Laurier. Canada þjóðin átti hann
heilán og óskiftan og

"Því lætur hún börnin sín blessa þann mann,
og bera sér nefn hans á munni."